



## REYNSLUSJÓÐUR OG VEGANESTI

### Hugleiðing forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar

Sum ár hverfa í gleyskuhít fyrri tíðar en önnur lifa áfram í hugum þjóða; verða uppsprettur lærdóms og ályktana, leiðarljós um ókomna tíð.

Árið 1918 hefur öðlast merkissess í annálum Íslendinga, bæði vegna viðburðanna sem það bar í skauti sér og efniviðarins sem það getur lagt til umræðna sem fylgja munu okkur í framtíðinni.

Það sýndi að náttúran hefur enn húsbóndavaldið, að breytingar á loftslaginu geta ógnað lífsskilyrðum jarðarbúa.

Þegar hafísinn lokaði ströndum landsins urðu héruðin bjargarlítill og hið sama getur gerst aftur. Hætti Golfstraumurinn að verma strendur Íslands verða frostavetur á hverju ári.

Hin mikla þversögn sem fylgt getur hækkandi hitastigi, afleiðingum mengunar sem mennirnir skapa, er að hér á norðurslóðum getur staðbundin kólnun orðið afleiðing hnattrænnar hlýnunar.

Hið sögulega Kötlugos var einnig áminning um að þrátt fyrir afl vísinda og tækni er maðurinn máttvana gagnvart öflunum sem búa í iðrum jarðar. Enn er verið að skapa heiminn og við Íslendingar getum notið þess að vera oft vitni að slíku sjónarspili.

Svo var það hin skæða veiki sem hingað barst frá öðrum löndum og kostaði fjölda manns lífið. Hún sýndi hvernig heilsa og heill þjóða er háð því hvað aðrir gera; að í raun búum við öll í litlu þorpi þótt höf og meginlönd myndi fjarlægðirnar.

Árið 1918 færði Íslendingum líka aukinn rétt, mikilvægan áfanga á leið til fulls sjálfstæðis og lýðveldisstofnunarinnar. Þessa braut hafa síðan margar aðrar þjóðir fetað og nú eru um 200 sjálfstæð ríki í veröldinni. Krafan um fullveldi hefur orðið eitt helsta hreyfiafl heimsmálanna og í þeim efnum er fordæmi Íslendinga einkar áhugavert.

Enn vakna spurningar um stöðu þjóða, um fullveldi og samstarf við aðra, sérstöðu í samtímanum. Líka spurningar um hin ögrandi viðfangsefni sem felast í glímunni við breytingar á loftslaginu, hvernig örlög allra eru samofin.

Árið 1918 heldur því áfram að vera lærdómsríkt; reynslusjóður sem gott er að hafa í veganesti.